



Faxaflóahafnir  
24. – 26. júní 2016  
Siglingafélag Reykjavíkur – Brokey  
Reykjavík, Akranes



## TILKYNNING UM KEPPNI

### 1 REGLUR

Keppt verður samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í *Alþjóða kappsiglingareglum*, kappsiglingafyrirmælum SÍL og kappsiglingafyrirmælum mótsins.

### 2 HLOTGENGI OG ÞÁTTTAKA

2.1 Mótið er opið öllum kjölbátumbátum með gilda IRC-forgjöf og rétt til þátttöku hafa fullgildir félagar í siglingafélögum samkvæmt móta- og keppendareglum SÍL.

2.2 Hlutfenga báta má skrá með því að senda tölvupóst á [skraning@brokey.is](mailto:skraning@brokey.is) fyrir kl. 20:00, 22 júní 2016. Í tölvupóstinum skal taka fram nafn báts, nafn skipstjóra, fjölda áhafnar meðlima, seglanúmer, forgjöf og félag sem keppt er fyrir.

### 3 TÍMAÁÆTLUN

3.1 Skráning: Skrá skal þátttöku fyrir kl. 20:00, þann 22. júní 2016.

3.2 Föstudaginn 24. júní 2016:

Afhending kappsiglingafyrirmæla frá kl. 15:30 – 16:00.

Skipstjórafundur í félagsheimili Brokeyjar á Ingólfsgarði kl. 16:00.

Viðvörunarmerki kl. 16:55.

Laugardaginn 25. júní 2016:

Skipstjórafundur kl. 09:00

Fyrsta umferð ræst kl. 10:00. Sigldar verða 3-4 umferðir.

Sunnudaginn 26. júní:

Skipstjórafundur kl. 09:00

Viðvörunarmerki kl. 09:55. Siglt til Reykjavíkur.

### 4 ÞÁTTTÖKUGJALD

Þátttökugjaldið er 4.500 kr. á mann. Innifalið í því er þátttaka í grilli um kvöldið á föstudeginum.

### 5 MÆLINGAR

Leggja skal fram gilt IRC-forgjafarskírteini fyrir hvern bát.

### 6 KAPPSIGLINGAFYRIRMÆLI

Kappsiglingafyrirmælin verða afhenti á skipstjórafundi.

### 7 BRAUTIRNAR

Brautir verða kynntar á skipstjórafundi hvers dags.

## **8 STIGAGJÖF**

**8.1** Notað verður lágstigakerfi skv. Viðauka A.

- 8.2**
- (a) Þegar færri en 4 umferðum hefur verið lokið telst samanlögð stigatala úr umferðunum sem heildarstigatala í keppninni.
  - (b) Þegar lokið hefur verið við 4 umferðir eða fleiri telst samanlögð stigatala úr umferðunum, að undanskilinni lökustu umferðinni, sem heildarstigatala í keppninni.

## **9 BRYGGJUPLÁSS**

Bátum verður vísað á laus stæði við flotbryggju í Akraneshöfn.

## **10 FJARSKIPTI**

Bátar skulu ekki hafa samskipti með talstöð sem ekki eru aðgengileg öllum meðan þeir keppa nema í neyðartilvikum. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma. Keppnisstjórn notar rás 6 til samskipta.

## **11 VERÐLAUN**

Veitt verða verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin.

Einnig verða veitt sérstök verðlaun fyrir Spretinn, þe. siglinguna frá Reykjavík til Akraness.

## **12 TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR**

Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð, sjá reglu 4, Ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda eða líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur.

## **13 TRYGGINGAR**

Hver bátur skal vera tryggður með gildri ábyrgðartryggingu

## **14 FREKARI UPPLÝSINGAR**

Frekari upplýsingar veitir [jp.fridriksson@gmail.com](mailto:jp.fridriksson@gmail.com), s: 694-2314.